64 hreppi, dags. 1. maí f. á., er hann sagður vera talinn húsmaður í Innri Njarðvík 1887 og
25. maí 1888. Sjálfur man hann ekki eptir því, með neinni vissu, hvar hann hafi dvalið þessi 2 ár, nje heldur árin 1889 og 1890, en lýsir því yfir, að sje hann skrifaður í kirkjubókunum í Kálfatjarnarprestakalli, þá hafi hann að líkindum verið þar. Apturámóti hefur hann skýrt svo frá, að hann vorið 1891 hafi keypt hús í Nýlendugötu hjer í bænum, og búið í því 2 ár. Þá hafi hann farið hjeðan vorið 1893 að Suðurkoti í Vogum, og átt þar eða talið heimili sitt þar þangað til hann fór að Skildinganesi á Seltjarnarnesi vorið 1899. Þaðan flutti hann aptur til bæjarins vorið 1900, og hefir dvalið hjer síðan.

Samkvæmt þessu hefir Ólafur B. Waage hvergi með óslitinni 10 ára dvöl eptirað hann varð 16 ára að aldri áunnið sjer rjett til framfærslu utan fæðingarhrepps síns, hins forna Vatnsleysustrandarhrepps, sem samkvæmt brjefi landshöfðingja 28. sept. 1889 er skipt í 2 hreppa, Vatnsleysustrandarhrepp og Njarðvíkurhrepp, og er því hjermeð úrskurðað, að hann skuli álítast sveitlægur í hinum forna Vatnsleysustrandarhreppi.

Þetta gefst yður hjermeð þjenustusamlega til vitundar, yður til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefndinni í nefndum hreppi, eða hreppsnefndunum í Vatnsleysustarndarhreppi og Njarðvíkurhreppi.

65 **Brjef stjórnarráðsins** *til amtmannsins yfir Suðurarntinu og Vestur-*
30. maí *amtinu* **um flutning þingstaðar.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í brjefi, dagsettu 25. þ. m, meðmælum hlutaðeigandi sýslumanns og beiðni hreppsnefndarinnar í Sljettuhreppi, vill stjórnarráðið hjermeð veita samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Sljettu að Hesteyri með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

66 **Brjef stjórnarráðsins** *til stiftsyfirvaldsins* **um sölu kirkjujarðar.**
6. júní Samkvæmt allraþegnsamlegastri tillögu stjórnarráðsins hefir Hans hátign konunginum 17. þ. m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki sitt til þess að selja megi jörðina Kross á Barðaströnd, sem heyrir undir Brjánslækjarprestakall í Barðastrandarprófastsdæmi, undan nefndu prestakalli fyrir 850 kr., með þeim skilyrðum, að söluandvirði jarðarinnar ávaxtist undir umsjón stiptsyfirvaldanna sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, með að minsta kosti 4%, að 2 kr. af hinum árlegu vöxtum leggist við höfuðstólinn, en að öðru leyti njóti beneficiarius vaxtanna, og að jörðin framvegis verði skoðuð sem bændaeign að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða, að því viðbættu, að, ef höfuðstólnum verður varið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í landsbankanum, verður að rita á brjef þessi, að þau tilheyri prestakallinu, og ákvæði stiptsyfirvaldanna um að eigi megi afhenda.